

# Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 23. september 2022

Mál nr. E-459/2021:

**Helga Sigurðardóttir**

*(Gísli Guðni Hall lögmaður)*

**gegn**

**Akureyrarbær**

*(Inga Þöll Þórgnýsdóttir lögmaður)*

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur

- 1 Mál þetta, sem dómtekið var 2. september sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra af Helgu Sigurðardóttur, kt. [...], [...], Akureyri, á hendur Akureyrarbæ, kt. [...], [...], Akureyri, með stefnu birtri 11. nóvember sl.
- 2 *Stefnandi krefst* þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.043.815 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 58.896 frá 1. janúar 2020, af kr. 244.256 frá 1. febrúar 2020, af kr. 48.446 frá 1. mars 2020, af kr. 32.129 frá 1. apríl 2020, af kr. 8.280 frá 1. maí 2020, af kr. 108.695 frá 1. júní 2020, af kr. 93.967 frá 1. júlí 2020, af kr. 276.931 frá 1. ágúst 2020, af kr. 309.526 frá 1. september 2020, af kr. 138.931 frá 1. október 2020, af kr. 142.399 frá 1. nóvember 2020, af kr. 95.595 frá 1. desember 2020, af kr. 187.920 frá 1. janúar 2021, af kr. 196.545 frá 1. febrúar 2021, af kr. 148.268 frá 1. mars 2021, af kr. 148.268 frá 1. apríl 2021, af kr. 148.268 frá 1. maí 2021, af kr. 99.990 frá 1. júní 2021 og af kr. 215.136 frá 1. júlí 2021, og af kr. 341.376 frá 1. ágúst 2021, í hverju tilviki til greiðsludags.
- 3 Þá krefst stefnandi málskostnaðar.
- 4 *Stefndi krefst* aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda.

### Málsatvik

- 5 Stefnandi hefur starfað sem menntaður kennari í yfir 30 ár við grunnskólann Brekkuskóla á Akureyri sem rekinn er af stefnda. Stefnandi er félagsmaður í Félagi grunnskólakennara, sem er aðildarfélag að Kennarasambandi Íslands (KÍ) og ráðast laun og önnur starfskjör hennar af kjarasamningi KÍ vegna Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga (kjarasamningi grunnskólakennara).
- 6 Í september 2017 ákvað stefnandi, sem er sjóðfélagi í B-deild LSR, að nýta sér heimild í lokamálgrein 24. gr. laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 (LSR) og

hefja töku hálfslífeyris, en samkvæmt ákvæðinu mátti starfshlutfall hennar þá ekki vera yfir 50%. Í tengslum við ákvörðun sína sagði stefnandi því upp ráðningarsamningi sínum um kennarastarfið miðað við 30. nóvember 2017.

- 7 Í uppsagnarbréfi, dags. 1. september 2017 kemur fram að samkomulag hafi verið gert milli hennar og skólastjóra Brekkuskóla um að samhliða töku lífeyris muni hún áfram gegna 49% starfi við skólann yfirstandandi skólaár, þ.e. skólaárið 1. ágúst 2017 til 31. júlí 2018 í samræmi við verklagsreglur sem settar voru í ágúst 2017 hjá stefnda vegna kennara sem greiða til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og óska eftir vinnu samhliða töku lífeyris. Þar segir m.a. að kennari skuli leita til skólastjóra óski hann eftir tímabundnu hlutastarfi á bilinu 33-49% samhliða töku lífeyris frá B-deild LSR. Skólastjóri meti út frá hagsmunum skólans hverju sinni hvort unnt sé að verða við beiðninni. Ef svo er skuli ráðning vera tímabundin að hámarki til eins skólaárs í senn. Heimilt sé að framlengja slíka ráðningu þannig að ráðningartíminn verði að hámarki samtals 24 mánuðir. Eftir það komi einungis tímavinna til greina.
- 8 Stefnandi og skólastjóri undirrituðu umsókn um tímabundna hlutastarfið á stöðluðu umsóknarblaði Akureyrarbæjar, dags. 12. september 2017. Í rökstuðningi skólastjóra fyrir samþykki beiðnarinnar segir:

*„Helga hefur starfað við Brekkuskóla í rúm 30 ár. Hún er framúrskarandi kennari og sérkennari og hefur sinnt starfi sínu af stakri þryði. Jafnframt hefur hún sinnt verkefnavinnu tengt Comenius og Erasmus síðustu ár. Það er hennar ósk að sækja um hlutastarf samhliða töku lífeyris. Óskum við eftir samþykki þess þar sem það er hagur Brekkuskóla að Helga starfi áfram við Brekkuskóla.“*
- 9 Einnig var undirrituð stöðluð brottfarartilkynning, dags. 22. september 2017, þar sem fram kemur að stefnandi hafi sagt upp, með athugasemd um að hún fari í tímabundið hlutastarf (49%) samhliða töku lífeyris frá B-deild LSR.
- 10 Nýr ráðningarsamningur var undirritaður 9. október 2017, byggður á því sama og hér hefur verið rakið, um tímabundið starf stefnanda frá 1. desember 2017 til 31. júlí 2018 samhliða lífeyristöku. Var samningurinn síðar framlengdur til 31. desember 2019. Hinn 28. nóvember 2019 var undirrituð brottfarartilkynning um starfslok stefnanda vegna tímabundinnar ráðningar, þar sem fram kom að síðasti vinnudagur væri 28. nóvember 2019.
- 11 Hinn 12. desember 2019 var undirritaður nýr ráðningarsamningur, þar sem stefnandi var ráðin í tímavinnu („TV“) frá 1. desember 2019 til 11. júní 2020.
- 12 Hinn 19. ágúst 2020 undirrituðu stefnandi og skólastjóri umsókn um tímabundið hlutastarf fyrir stefnanda sem stundakennara, í 33% starfshlutfalli, samhliða töku lífeyris frá B-deild LSR, tímabilið 15. ágúst 2020 til 11. júní 2021. Stefnandi sóttist eftir ráðningu í 49% starfshlutfall, en sótt var um 33% starfshlutfall í samræmi við verklagsreglur stefnda. Rökstuðningur skólastjóra fyrir samþykki beiðinnar var svohljóðandi:

*„Helga hefur starfað lengi við Brekkuskóla. Hún er afar góður sérkennari sem ber hag nemenda fyrir brjósti. Helga hefur áhuga á að vera í 33% starfi sem stundakennari í vetur samhliða töku lífeyris. Við óskum eftir leyfi til þess að verða við því.“*

- 13 Umsóknin var samþykkt af sviðsstjóra fræðsluviðs með þeirri breytingu að tímabil ráðningar væri frá 24. ágúst 2020 til 4. júní 2021.
- 14 Hinn 24. ágúst 2020 undirrituðu stefnandi og skólastjóri nýjan ráðningarsamning, með gildistíma frá 24. ágúst 2020 til 4. júní 2021. Í reit fyrir starfshlutfall var ritað TV.
- 15 Bæði stefnandi og KÍ komu á framfæri athugasemdum við stefnda varðandi fyrrnefndar verklagsreglur og ráðningarform stefnanda eftir að hún hóf töku lífeyris hjá B-deild LSR. Stefndi hefur hafnað athugasemdum stefnanda og telur fyrirkomulagið lögmætt.
- 16 Ágreiningur aðila í málinu stendur um hvort verklagsreglurnar og ráðningarfyrirkomulag stefnanda hafi verið ólögmætt og leitt til tekjumissis fyrir hana, sem stefnda beri að bæta. Óumdeilt er að kjör fastráðinna kennara eru frábrugðin kjörum þeirra sem ráðnir eru í tímavinnu. Dómkröfur stefnanda miðast við að hún fái greidd laun fyrir tímabilið 1. desember 2019 til 31. júní 2021 eins og hún hefði verið fastráðinn kennari við Brekkuskóla í 49% starfshlutfalli á tímabilinu en ekki starfsmaður í tímavinnu. Samkvæmt gögnum málsins samsvaraði vinnuframlag stefnanda á tímabilinu, umreiknað af stefnda í starfshlutfall, 31,74% fyrir tímabilið 1. desember 2019 til 11. júní 2020, 20,16% fyrir tímabilið 24. ágúst til 31. desember 2020 og 22,79% fyrir tímabilið 1. janúar til 4. júní 2021.

### **Málsástæður stefnanda**

- 17 Stefnandi vísar til þess að í lokamálsgrein 24. gr. laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 (LSR) komi fram sú regla að sjóðfélagi geti ákveðið að hefja töku hálfes ellilífeyris hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð með því skilyrði að hann sé ekki í meira en hálfu starfi sem veitir aðild að sjóðnum. Gert sé ráð fyrir að sama regla eigi við um þá sem hefja töku lífeyris fyrr á grundvelli svonefndrar 95 ára reglu, enda engin sérregla í lögnum sem leiði til annarrar niðurstöðu. Í ákvæðinu felist að ekkert sé því til fyrirstöðu að sjóðfélagi, sem hefji lífeyristöku, verði í allt að hálfu starfi samhliða lífeyristökunni.
- 18 Stefnandi hafi óskað eftir að vera í föstu starfi í 49% starfshlutfalli eftir að hún hóf lífeyristöku. Hjá Brekkuskóla hafi verið þörf og vilji til að hafa stefnanda í slíku starfi.
- 19 Stefnandi byggir á því að verklagsregla, sem stefndi hafi sett sér og feli í sér að slík ráðning stefnanda megi ekki standa lengur en í tvö ár, geti ekki talist málefnaleg og réttmæt, með tilliti til laga nr. 10/2004 um starfsmenn í hlutastörfum, laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og meginreglna vinnuréttar. Auk þessa fari slík regla gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Hið sama eigi við reglu í sömu verklagsreglum um að heimilt sé að ráða lífeyrisþega í stundakennslu sé starfshlutfallið minna en 33%. Stefnandi hafi óskað eftir 49% starfshlutfalli og telji skilyrði stefnda um annað og lægra hlutfall ekki standast.

- 20 Í 1. gr. laga nr. 10/2004 sé lýst því markmiði að starfsmenn í hlutastörfum sæti ekki mismunun og stuðlað að því að greiða fyrir því að starfsmenn eigi vól á hlutastörfum og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa bæði atvinnurekanda og starfsmanna. Í 4. gr. um réttindi og skyldur segi að starfsmenn í hlutastörfum skuli ekki njóta hlutfallslega lakari kjara eða sæta lakari meðferð en sambærilegir starfsmenn í fullu starfi af þeirri ástæðu einni að þeir eru ekki í fullu starfi, nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna. Atvinnurekendur skuli svo sem kostur er leitast við m.a. að a) taka tillit til óska starfsmanns um að flytjast úr fullu starfi í hlutastarf eða úr hlutastarfi í fullt starf, b) taka tillit til óska starfsmannsins um að auka eða minnka starfshlutfall sitt, skapist svigrúm til þess og c) auðvelda aðgang að hlutastörfum á öllum sviðum fyrirtækis eða stofnunar, þar á meðal sérhæfðum störfum og stjórnunarstöðum. Það teljist ekki eitt og sér gild ástæða uppsagnar að starfsmaður neiti að fara úr fullu starfi í hlutastarf og öfugt. Uppsögn teljist þó ekki andstæð lögnum sé hún í samræmi við lög, kjarasamninga eða venju og stafi af öðrum ástæðum, svo sem rekstrarþörfum viðkomandi stofnunar.
- 21 Samkvæmt lögum nr. 86/2018 sé hvers konar mismunun á vinnumarkaði, m.a. vegna aldurs, óheimil, sbr. meginreglu 1. og 7. gr. Í 12. gr. sé sérákvæði um frávík vegna aldurs. Þar segi að mismunandi meðferð vegna aldurs teljist ekki brjóta gegn lögnum, séu færð fyrir henni málefnaleg rök sem helgast af lögum á markmiði, þ.m.t. stefnu í atvinnumálum eða öðrum markmiðum sem varða vinnumarkað, enda gangi slíkar aðgerðir ekki lengra en nauðsynlegt sé talið til að ná því markmiði sem stefnt sé að. Regla þessi sé undantekningarregla sem hafi verið túlkuð þröngt af Evrópuþómstólum þannig að mikið þurfi til að mismunun á grundvelli aldurs teljist heimil.
- 22 Stefnandi vísar jafnframt til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. laga nr. 97/1995. Ákvæði laga nr. 10/2004 og nr. 86/2018 sé nánari útfærsla á jafnræðisreglum eins og þeim verði beitt á vinnumarkaði. Mismunandi meðferð verði að grundvallast á málefnalegum og hlutlægum röksemdum.
- 23 Stefnandi vísar einnig til meginreglna vinnuréttarins um að laun og starfskjör samkvæmt kjarasamningum séu lágmarkskjör, en reglan komi m.a. fram í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur, lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum nr. 55/1980 um starfskjör launþega. Með því að ráða kennara í tímavinnu sé komist undan mörgum greinum kjarasamnings grunnskólakennara sem fela í sér starfsréttindi kennara, m.a. réttindi í veikindaförföllum, og lágmarks-laun til kennara í föstu starfi.
- 24 Stefnandi byggir á að verklagsreglur stefnda um tveggja ára hámark á ráðningartíma starfsmanns, sem hefur hafið töku lífeyris, fái ekki staðist framangreindar lagareglur. Hið sama eigi við um skilyrðið um 33% starfshlutfall að hámarki. Ekkert hafi átt að vera til fyrirstöðu að stefnandi yrði ráðin ótímabundið í lægra starfshlutfall en 50% eftir að hún hóf lífeyristöku í nóvember 2017. Slík ráðning hefði samrýmst 24. gr. laga nr. 1/1997 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

- 25 Í launalegu tilliti komi út á eitt hvort stefnandi hafi verið ráðin ótímabundið eða tímabundið allt til loka nóvember 2019. Öðru máli gegni um tímabilið frá 1. desember 2019, er stefnandi hafi fengið greidd laun eins og tímavinnustarfsmaður, sem hafi verið mun lægri laun en ef hún hefði verið ráðin í föstu starfshlutfalli.
- 26 Meginmunur á starfskjörum tímavinnustarfsmanns og starfsmanns með fasta ráðningu, hvort sem er tímabundna eða ótímabundna, skýrist af því að í tímavinnu sé eingöngu greitt fyrir kenndar stundir. Ein kennslustund sé 40 mínútur en með undirbúningi fái 60 mínútur fyrir hverja kennslustund. Greidd séu orlofslaun á laun. Kennari með fasta ráðningu fái greitt fyrir kennslu, undirbúning og úrvinnslu, önnur fagleg störf og starfsþróun ásamt undirbúningi og úrvinnslu ársverksins. Kennari sem kenni heilt skólaár, sem spanni 9 og 1/2 mánuð, ávinni sér inn 12 mánaða laun að meðtöldu orlofi. Þá sé réttindastaða öll lakari, t.d. réttindi vegna veikinda.
- 27 Stefnandi byggir á að engin réttlættingarrök hafi verið fyrir því að lækka stefnanda í launum á framangreindan hátt frá og með 1. desember 2019. Ráðning stefnanda hefði átt að vera ótímabundin, en jafnvel ef ráðningin hefði átt að vera tímabundin hefði ekkert verið því til fyrirstöðu að greidd yrðu laun miðað við ráðningarhlutfall en ekki eins og stefnandi hefði átt að verða tímavinnustarfsmaður.
- 28 Þá vísar stefnandi til þess að verklagsreglur stefnda séu sértækar í þeim skilningi að þær gildi eingöngu um starfsmenn stefnda sem hefja töku lífeyris úr B-deild LSR en ekki frá öðrum lífeyrissjóðum. Í þessu felist ólögmat mismunun með vísan til fyrrgreindra lagareglna.
- 29 Sú röksemd stefnda að óheimilt sé að framlengja tímabundnar ráðningar í lengri tíma en 24 mánuði hafi ekki þýðingu hér. Sú takmörkun, sem eigi sér fyrirmynd í 41. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sé sett til verndar hagsmunum starfsmanns, þ.e. að stemma stigu við því að vinnuveitandi komi sér hjá því að fastráða starfsmann og ráði hann þess í stað endurtekið tímabundið. Í þessu tilviki horfi aðstæður öðruvísi við. Í fyrsta lagi hafi engin ástæða verið til að tímabinda ráðningar stefnanda eftir að hún hóf töku lífeyris, og í öðru lagi hefði umrædd 24 mánaða regla átt að þoka fyrir lagafyrirmælum sem stefnandi hefur vísað til. Í þriðja lagi komi umrædd 24 mánaða regla fyrir í grein 14.2 í kjarasamningi aðila, þar sem segi að tímabundin ráðning skuli aldrei vara samfelld lengur en í 2 ár nema verklok séu fyrirfram ákveðin. Hafi þurft að taka mið af þessari 24 mánaða reglu hefði verið unnt að gera það á þann hátt að ákveða verklok stefnanda fyrirfram t.d. miðað við 70 ára aldur, eins og aðstæðum hafi verið háttáð. Eins og stefndi vísi til 24 mánaða reglu snúist hún upp í andhverfu sína. Hún leiði til þess að stefndi komi sér hjá að greiða stefnanda laun eins og henni hefði borið, í því tilviki að hún hefði verið ráðin í fast starfshlutfall. Mál þetta snúist eingöngu um það. Stefnandi telji ólögmat, ómálefnalegt og andstætt sjónarmiðum um meðalhóf að stefndi búi þannig um hnútana með verklagsreglum að starfsmaður eins og stefnandi fái lakari laun fyrir störf sín en hann eigi rétt til, með því að skilgreina vinnuframlagið sem tímavinnu í stað vinnu í föstu ráðningarhlutfalli.

Stefnda hafi verið í lófa lagið að haga reglum sínum á þann hátt að starfsmönnum yrði ekki mismunað á þennan hátt í launum.

- 30 Stefnandi vísar einnig til meginreglunnar í 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launþega, um að laun samkvæmt kjarasamningi feli í sér lágmarkslaun.

#### *Nánar um dómkröfu stefnanda*

- 31 Dómkröfu sína skýrir stefnandi nánar svo að hún miðist við að hún fái greidd laun fyrir kennslu, sem hún hafi sinnt við [...]skóla á Akureyri, eins og hún hefði verið ráðin í föstu starfshlutfalli tímabilið frá 1. desember 2019 til 31. júlí 2021. Dregin séu frá laun sem hún fékk greidd fyrir sama tímabil. Mismunurinn sé sundurliðaður eftir mánuðum í útreikningi, sem sé að öllu leyti byggður á framlögðum kjarasamningi grunnskólakennara og upplýsingum í launaseðlum stefnanda. Guðjón Ágúst Gústafsson, sérfræðingur hjá KÍ hafi unnið útreikninginn.
- 32 Kveður stefnandi engu skipta þó raunverulegt vinnuframlag hennar á umræddu tímabili hafi verið minna en miðað við framangreint hlutfall, þar sem stefnda hafi borið að ráða hana í starf miðað við hlutfall en ekki tímavinnu og því eigi laun hennar að taka mið af því. Útreikningar stefnda þar sem tímavinna sé umreiknuð í hlutfall hafi því ekki þýðingu í málinu.
- 33 Dráttarvaxtakröfu frá gjalddaga launa hverju sinni styður stefnandi við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu með vísan til ákvæða III. kafla laganna. Launamismunur, sem gerð sé krafa um, sé sundurliðaður eftir mánuðum í framlögðum útreikningi í gögnum málsins og sé gjalddagi launa hverju sinni fyrsti dagur næsta mánaðar.

#### **Málsástæður stefnda**

- 34 Stefnandi kveður heimildarákvæði um töku lífeyris með starfi hafa verið í samþykktum LSR í áratugi. Hjá stefnda hafi gilt sú verklagsregla frá 2009 að kennarar sem völdu að hefja töku lífeyris samkvæmt 95 ára reglunni voru ráðnir sem stundakennarar.
- 35 Þetta fyrirkomulag eigi sér stoð í ákvæði 1.4.2. í kjarasamningi grunnskólakennara, þar sem segi, að tímakaup í dagvinnu megi greiða lífeyrisþegum, sem vinni hluta úr starfi, og starfsmönnum sem ráðnir séu til að vinna að sérhæfðum, afmörkuðum verkefnum.
- 36 Þann 8. júní 2017 hafi verklagsreglan frá 2009 verið endurskoðuð þegar fór að bera á því að fleiri kennarar óskuðu eftir að vinna samhliða töku lífeyris. Hafi kjarasamninganefnd Akureyrarbæjar falið sviðsstjóra fræðslusviðs og skólastjórum grunnskóla að móta rýmkandi verklagsreglur um fyrirkomulag vinnu samhliða töku lífeyris hjá B-deild LSR. Árið 2018 hafi síðan komið ákvæði í lög um LSR um að heimila sjóðfélögum að taka lífeyri með 49% vinnu.
- 37 Umrædd kjarasamninganefnd hafi samkvæmt samþykktum nefndarinnar fjallað um kjaramál starfsmanna og verið heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarráðs mál á verksviði hennar ef lög eða eðli máls mæltu ekki sérstaklega gegn því, þau vörðuðu

ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið væri á um í starfs- og fjárhagsáætlun og þau vikju ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

- 38 Sá munur sé því á málum LSR og LSA að ekki sé að finna heimildarákvæði í lögum eða samþykktum LSA um að starfsmaður starfi með töku lífeyris. Því hafi þær reglur þurft að fara fyrir bæjarráð, þar sem kjarasamninganefnd hafi skort heimildir til að fullnaðarafgreiða málið.
- 39 Þær reglur sem mál þetta hverfist um séu verklagsreglur, en hvorki samþykktir né bindandi reglur sem þurfi staðfestingu bæjarráðs eða bæjarstjórnar, enda fjalli þær um heimild en ekki skyldu og eigi að leiða til þess að skólastjórar taki eins á málum starfsmanna sinna með vísan til jafnræðis.
- 40 Heimildarreglurnar kveði því hvorki á um rétt starfsmanna til að starfa með töku lífeyris né skyldu stjórnanda til að samþykkja slíka beiðni. Ákvörðunin sé alfarið rekstrartengd og háð mati skólastjóra út frá skipulagi skólastarfs.
- 41 Reglurnar verði að teljast verulega ívilnandi í garð kennara því með þeim sé reynt að verða við ósk kennara sem vilji minnka við sig vinnu og vera að hluta til á lífeyri. Þær séu því útvíkkun á ákvæði 1.4.2. í kjarasamningi aðila. Reglurnar séu í anda markmiðs laga um starfsmenn í hlutastörfum nr. 10/2004, en ekki gegn þeim. Samkvæmt 1. gr. laganna sé markmið þeirra að koma í veg fyrir að starfsmenn í hlutastörfum sæti mismunun og stuðla að auknum gæðum slíkra starfa, sem og að greiða fyrir því að starfsmenn eigi vól á hlutastörfum og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa bæði atvinnurekanda og starfsmanna.
- 42 Verklagsreglur stefnda kveði á um að ráðið sé tímabundið að hámarki til eins skólaárs í senn, en heimilt sé að framlengja slíka ráðningu þannig að ráðningartími verði að hámarki samtals 24 mánuðir. Þarna sé því hvoru tveggja verið að koma til móts við kennara sem vilji starfa með töku lífeyris og skólastjóra, en fyrst og síðast sé þetta rekstrarákvörðun, rétt eins og þegar starfsmenn óski aukins eða minnkaðs starfshlutfalls.
- 43 Nánari ástæða fyrir hinni tímabundnu ráðningu sé af tvennum toga. Annars vegar sé reglunni ætlað að koma til móts við kennara sem eru að ljúka starfsævinni en eru tilbúnir að minnka við sig, samhliða töku lífeyris. Hins vegar sé reglan sett með hliðsjón af skipulagi skólastarfs og þeim sveigjanleika sem þurfi að vera í ráðningu kennara. Horft sé til þess að fjöldi kennara í 49% starfi gæti hamlað ráðningu kennara í 100% kennarastöður auk þess sem starfsmenn í herra starfshlutfalli henti betur skipulagningu skólastarfs en starfsmenn í lægra starfshlutfalli.
- 44 Með vísan til matsins sem fari fram þegar kennari óski eftir hlutastarfi með lífeyri séu reglurnar í fullu samræmi við 12. gr. laga um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018, þar sem segi að mismunandi meðferð vegna aldurs teljist ekki brjóta gegn lögum séu færð fyrir henni málefnaleg rök sem helgist af lögmætu markmiði, þ.m.t. stefnu í atvinnumálum eða öðrum markmiðum er varði vinnumarkað, enda gangi slíkar aðgerðir ekki lengra en nauðsynlegt sé talið til að ná því markmiði sem stefnt er að.

- 45 Þar sem heimildin í verklagsreglunum kveði á um tímabundna ráðningu til allt að tveggja ára, sé ekki heimilt að framlengja þann samning enda væri það í andstöðu við 5. gr. laga um tímabundna ráðningu starfsmanna nr. 139/2003.
- 46 Það hafi verið stefnandi sem hafi tekið ákvörðun um að óska eftir því að vinna með töku lífeyris, sem skólastjóri hafi samþykkt. Af því tilefni hafi stefnandi ritað undir brottfarartilkynningu 22. september 2017, þar sem stefnandi segi starfi sínu lausu frá og með 1. desember 2017 og fari tímabundið í hlutastarf (49%) samhliða töku lífeyris frá B-deild LSR.
- 47 Nauðsynlegt hafi verið að stefnandi segði upp störfum vegna fyrirmæla 19. gr. samþykkta LSR, þar sem segi að sjóðfélagi í B-deild geti eingöngu hafið greiðslur til A-deildar ef hann skiptir um starf. Stefnandi hafi ekki getað haldið áfram að greiða til B-deildar lífeyrissjóðsins á sama tíma og hún ynni með töku lífeyris og því hafi verið nauðsynlegt að hún segði upp störfum til að hún gæti nýráðið sig og byrjað að greiða til A-deildar.
- 48 Gögn málsins sýni að stefnandi hafi sjálf tekið ákvörðun um að fara á lífeyri og óska eftir að vinna jafnhliða því og skólastjóri hafi metið það svo að hægt væri að koma því við í starfi skólans.
- 49 Stefnandi hafi starfað til tveggja ára í 49% starfshlutfalli með lífeyri og starfað síðan í tímavinnu með lífeyri samkvæmt ákvæði 1.4.2. í kjarasamningi aðila.
- 50 Með ákvörðun stefnanda um að vinna með töku lífeyris hafi ekki stofnast skylda fyrir stefnda að hafa stefnanda áfram í starfi, enda sé það alltaf háð mati og stöðu innan hvers grunnskóla hvort hægt sé að koma því við að minnka starfshlutfall, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um starfsmenn í hlutastörfum, þar sem segi að atvinnurekendur skuli svo sem kostur er leitast við að taka tillit til óska starfsmanns um að flytjast úr fullu starfi í hlutastarf.
- 51 Af 9. mgr. 24. gr. laga um LSR megi jafnframt ráða að ekki sé um skyldu að ræða heldur heimild, þar sem fram komi að sá sem vilji vinna með töku lífeyris þurfi að uppfylla það skilyrði að hann sé ekki í meira en hálfu starfi. Af þessu megi ráða að það sé ekki einhliða ákvörðun starfsmanns að minnka við sig starfshlutfall með töku lífeyris, heldur verði hann að óska eftir því við yfirmann að minnka við sig starfshlutfall og það sé alfarið ákvörðun vinnuveitanda hvort hann getur orðið við slíkri beiðni.
- 52 Sama eigi við um að tímabinda ráðningu starfsmanns með töku lífeyris, en þar sé horft á það mat skólastjórnenda hvort slík ráðning henti skólastarfi og skipulagi þess.
- 53 Stefndi hafi því ekki brotið á rétti stefnanda með verklagsreglunum og ákvörðun skólastjóra.
- 54 Um lagarök vísar stefndi aðallega til kjarasamnings grunnskólakennara, stjórnarsýslulaga nr. 37/1991, laga um starfsmenn í hlutastörfum, laga um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018, laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 og samþykkta fyrir LSR.

## Forsendur og niðurstaða

- 55 Ágreiningur aðila í málinu stendur um það hvort stefnandi hafi átt rétt á launum miðað við fast starfshlutfall frá 1. desember 2019, eins og verið hafði fram að því, eða hvort stefnda hafi verið heimilt að ráða hana sem tímavinnustarfsmann frá þeim tíma og greiða henni laun í samræmi við það samkvæmt gr. 1.4.2. í kjarasamningi grunnskólakennara, en samkvæmt 1. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga ráðast kjör stefnanda af ákvæðum kjarasamningsins og ráðningarsamningi.
- 56 Stefnandi hefur vísað til þess að hún hafi viljað nýta sér heimild í lokamálsgrein 24. gr. laga um LSR til að hefja töku hálfslífeyris, en lögin setji það skilyrði eitt að lífeyrisþegi sé ekki í meira en hálfu starfi sem veiti aðild að sjóðnum. Í samræmi við þetta hafi hún óskað eftir að starfa í skertu starfshlutfalli hjá stefnda, en í máltilbúnaði stefnanda felst að hún lýtur svo á að lög standi til þess að stefnda hafi borið að verða við þessari ósk og þá á þann veg að hún gæti verið í skertu starfshlutfalli ótímabundið eða tímabundið allt til 70 ára aldurs, og notið samkvæmt því sömu kjara og fastráðnir kennarar.
- 57 Stefnandi telur verklagsreglur stefnda frá ágúst 2017 brjóta gegn lögum nr. 10/2004 um starfsmenn í hlutastörfum, lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og meginreglum vinnuréttar, auk þess að fara í bága við 65. gr. stjórnarskrárinnar, að því leyti sem reglurnar mæla fyrir um tveggja ára hámarkstíma á ráðningu í 49% hlutastarf og um að heimilt sé að ráða lífeyrisþega í stundakennslu sé starfshlutfallið minna en 33%.
- 58 Verklagsreglur stefnda fela efnislega ekki í sér sjálfstæðar reglur, heldur taka þær mið af reglum gildandi kjarasamnings grunnskólakennara, laga um tímabundna ráðningu starfsmanna nr. 139/2003 og ákvæða laga um LSR og samþykktu sjóðsins um heimildir til lífeyristöku meðfram starfi. Verður ekki séð að það geti talist óréttmætt af stefnda að setja sér verklagsreglur um framkvæmd framangreindra reglna kjarasamnings og laga í því skyni að stuðla að jafnræði og samræmi. Úrlausnarefnið er hér hvort þau ákvæði kjarasamnings og laga, sem verklagsreglurnar endurspeglar, fari í bága við reglur þær sem stefnandi hefur vísað til.
- 59 Í 1. mgr. 5. gr. laga um tímabundna ráðningu starfsmanna nr. 139/2003 er mælt fyrir um að óheimilt sé að endurnýja eða framlengja tímabundinn ráðningarsamning þannig að hann vari lengur en í tvö ár. Er ákvæðið afdráttarlaust og gildir jafnt þó starfsmaður sækist sjálfur eftir því að tímabundin ráðning vari lengur. Í 3. mgr. er aðilum vinnumarkaðarins hins vegar veitt heimild til að semja um annað fyrirkomulag, þar sem tekið sé tillit til þarfa starfsmanna og vinnuveitanda í þeirri atvinnugrein sem kjarasamningur tekur til.
- 60 Slíkt ákvæði er að finna í gr. 14.2. í kjarasamningi grunnskólakennara, en þar er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að ráða skuli kennara ótímabundið, en að við sérstakar aðstæður megi ráða tímabundið en aldrei lengur en til tveggja ára samfellt að hámarki, nema verklok séu fyrirfram ákveðin, sem í skýringum er sagt eiga við um aðstæður þar sem verklok eru fyrir séð við upphaf ráðningar.

- 61 Samkvæmt framangreindu útiloka lög um tímabundna ráðningu og kjarasamningur grunnskólakennara ekki að kennari sé ráðinn lengur tímabundið en til tveggja ára, en það á þá við í undantekningartilvikum. Þó að ákvæðið komi samkvæmt þessu ekki fortakslaust í veg fyrir tímabundna ráðningu umfram tvö ár, þá mælir það fyrir um meginreglu sem stefnda var rétt að virða og horfa til.
- 62 Þar sem framangreind meginregla um bann við tímabundnum ráðningum í lengri tíma en tvö ár samfellt, tekur bæði samkvæmt lögnum og kjarasamningi jafnt til allra kennara sem leita eftir tímabundnu starfi, óháð aldri, þá verður ekki séð að í henni felist mismunur á grundvelli aldurs.
- 63 Stefnandi hefur byggt á því að í tilviki hennar hefði stefndi getað gert tímabundinn samning til 70 ára aldurs hennar og með því komist hjá fyrrgreindu tveggja ára hámarki með vísan til þess að verklok væru þá fyrirfram ákveðin í skilningi gr. 14.2. í kjarasamningnum. Slíkt fyrirkomulag myndi hins vegar leiða til sömu niðurstöðu og ótímabundin ráðning stefnanda, þar sem gert er ráð fyrir starfslokum kennara við 70 ára aldur, án sérstakrar uppsagnar, sbr. grein 14.9 í fyrrgreindum kjarasamningi. Í þeim skilningi fæli tímabundin ráðning til 70 ára aldurs í raun í sér ótímabundna ráðningu, ella væri rétt að líta svo á að allir ráðningarsamningar kennara væru tímabundnir til 70 ára aldurs. Vangaveltur um viðvarandi tímabundna ráðningu stefnanda hafa því enga sjálfstæða þýðingu hér, auk þess sem slík ráðning tæki mið af þörfum bæði starfsmanns og vinnuveitanda, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga um tímabundna ráðningu, en ekki einhliða óskum stefnanda.
- 64 Niðurstaðan veltur hér á því hvort stefnandi hafi átt kröfu til þess að stefndi myndi ráða hana ótímabundið í hlutastarf eftir að hún sagði upp starfi sínu hjá stefnda til þess að geta hafið töku lífeyris eða hvort stefndi hafi mátt tímabinda hlutastarfið í samræmi við framangreindar reglur.
- 65 Í 1. gr. laga um hlutastörf er mælt fyrir um þann tilgang laganna að koma í veg fyrir að starfsmenn í hlutastörfum sæti mismunur og stuðla að auknum gæðum slíkra starfa, ásamt því að greiða fyrir að starfsmenn eigi vöð á hlutastörfum og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma þannig að tekið sé tillit til *þarfa bæði atvinnurekanda og starfsmanna*. Í 2. mgr. 4. gr. segir í b-lið að atvinnurekendur skuli *svo sem kostur er* leitast við að taka tillit til óska starfsmanns um að auka eða minnka starfshlutfall sitt, *skapist sviðgrúm* til þess. Lögin mæla því ekki fyrir um fortakslausa skyldu atvinnurekenda til að verða við óskum starfsmanna um hlutastörf, heldur takmarkast réttur starfsmannsins við þarfir atvinnurekandans og sviðgrúm innan vinnustaðarins.
- 66 Stefnandi hefur vísað til þess að hann hafi innan þess ramma sem lög um tímabundna ráðningu og fyrrnefnt ákvæði 14.2. í kjarasamningi grunnskólakennara marka, leitast við að koma til móts við aukna eftirspurn á meðal lífeyrisþega eftir hlutastörfum samhliða töku lífeyris, með því að setja verklagsreglur um heimild til tímabundinnar ráðningar í 49% hlutastarf til allt að tveggja ára, en fyrir setningu verklagsreglnanna bauðst kennurum einungis ráðning sem stundakennarar við þær aðstæður og fengu þá greitt sem tímavinnustarfsmenn. Með þessu fyrirkomulagi hefur stefndi aukið

möguleika kennara á að gegna hlutastarfi með sömu kjörum og fastráðnir kennarar, allt að því gefnu að rekstrarlegt svigrúm sé til slíkra ráðninga innan hvers skóla.

- 67 Stefndi hefur vísað til þess að með ákvörðun um tímabundna ráðningu, í stað ótímabundinnar, sé höfð hliðsjón af rekstrarlegum þörfum skóla, skipulagi skólastarfs og þeim sveigjanleika sem þurfi að vera til staðar við ráðningu kennara, en fjöldi kennara í 49% starfi geti hamlað ráðningu kennara í 100% kennarastöður auk þess sem starfsmenn í hærra starfshlutfalli henti betur skipulagningu skólastarfs en starfsmenn í lægra hlutfalli. Að mati dómsins er hér um málefnaleg sjónarmið að ræða sem rúmast innan tilvitnaðra ákvæða laga um hlutastörf, en ekki verður séð að stefndi gangi lengra en nauðsynlegt er til að ná framangreindum markmiðum. Á það einnig við um viðmið stefnda um lægra starfshlutfall en 33% eftir að tveggja ára tímabilinu lýkur. Samkvæmt því verður hvorki fallist á það sjónarmið stefnanda að stefnda hafi borið að fastráða hana ótímabundið í hlutastarf né heldur að ráða hana sem tímavinnustarfsmann í hærra starfshlutfalli en 33%. Ákvæði laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði breyta ekki framangreindu, enda liggur ekkert fyrir um að öðrum kennurum hjá stefnda bjóðist ótímabundin hlutastörf í ríkara mæli.
- 68 Kemur þá til úrlausnar það sjónarmið stefnanda að jafnvel þó stefnandi hafi verið ráðin sem tímavinnustarfsmaður eftir 1. desember 2019, þá hefði stefndi átt að greiða henni laun miðað við ráðningarhlutfall, en ekki miðað við tímavinnu. Í 4. gr. laga um starfsmenn í hlutastörfum er mælt fyrir um að starfsmenn í hlutastörfum skuli ekki njóta hlutfallslega lakari kjara en sambærilegir starfsmenn í fullu starfi af þeirri ástæðu einni að þeir eru ekki í fullu starfi, nema slíkt sé réttlætjanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.
- 69 Við setningu laganna, sem ætlað var að innleiða tilskipun 97/81/EB, um rammasamninginn um hlutastörf sem Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC), Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE) og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) höfðu gert með sér, komu m.a. upp álitamál varðandi tímavinnustarfsmenn, eins og rakið er nánar í almennum athugasemdum í frumvarpi til laganna. Mismunandi sjónarmið voru uppi um hvernig túlka bæri hugtakið „tímavinnufólk“ og að hvaða marki 2. tl. 2. mgr. rammasamningsins heimilaði samningsaðilum að taka mið af hefðum í löggjöf og kjarasamningum í hverju landi fyrir sig, m.a. með því að undanskilja þá launþega sem eru „lausráðnir í hlutastörf“ (e. on casual basis), enda byggist slíkt á hlutlægum og málefnalegum ástæðum. Löng hefð hafi verið fyrir því í kjarasamningum opinberra starfsmanna að greina á milli þeirra sem ráðnir væru í tímavinnu og annarra sem fengju mánaðarlaun. Er rakið í athugasemdunum að ekki hafi náðst samkomulag á milli stéttarféлага opinberra starfsmanna og hins opinbera um innleiðingu tilskipunarinnar með kjarasamningi, en helst hafi strandað á því hvaða hlutastörf samkvæmt tilskipuninni skyldu undanþegin.
- 70 Fór svo að löggjafinn mælti fyrir um slíka undanþágu með 3. mgr. 2. gr. laganna, þar sem sagði „ákvæði laga þessara taka ekki til starfsmanna ríkis og sveitarféлага, sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímavinnukaup, enda byggist sú undanþága á

kjarasamningi, ákvörðun stjórnvalds eða venju í slíkum tilvikum.“ Í greinargerð með ákvæðinu sagði m.a. að slíkar undanþágur hafi tekið til skólafólks við störf í skólafríum og lífeyrisþega sem vinna hluta úr starfi. Með þessu fyrirkomulagi væri stefnt að því að samningsaðilar á opinberum vinnumarkaði hefðu í samræmi við þær hefðir sem þar hafa ríkt möguleika til þess að gera hlutastarf að ákjósanlegum kosti. Í samræmi við efni tilskipunarinnar væri gert ráð fyrir því að samningsaðilar endurskoði slíkar undantekningar reglulega til að ganga úr skugga um að þær hlutlægu ástæður sem lögju þeim til grundvallar væru enn í gildi.

- 71 Framangreind undanþága var afnumin með breytingalögum nr. 85/2009 í kjölfar þess að Eftirlitsstofnun EFTA taldi undanþáguna of víðtæka. Í frumvarpi til laga nr. 85/2009 segir „Sú breyting hefur þó engin áhrif á að ríki og sveitarfélögum verður áfram heimilt að ráða til starfa fólk sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímavinnukaup, enda samræmist slík ráðning ákvæðum kjarasamninga og eftir atvikum öðrum lögum. Starfskjör og starfsskilyrði starfsmanns sem er ráðinn á slíkum kjörum en er ekki í fullu starfi skulu þá borin saman við starfskjör og starfsskilyrði sambærilegs starfsmanns, sbr. b-lið 3. gr. laganna, sem er þá starfsmaður í fullu starfi sem fær greitt tímavinnukaup. Tímavinnustarfið sem er fullt starf og þar með viðmiðunarstarfið getur eftir atvikum verið reiknuð stærð en skv. b-lið 3. gr. laganna skal samanburður gerður með vísan til viðeigandi kjarasamnings þegar ekki er sambærilegur starfsmaður í fullu starfi hjá vinnuveitanda og þar sem slíkir samningar eru ekki fyrir hendi með vísan til gildandi laga, annarra kjarasamninga eða venju.“
- 72 Samkvæmt framangreindu takmarka lög um starfsmenn í hlutastörfum ekki heimildir opinberra aðila til að ráða starfsmenn á tímavinnukaupi, að því gefnu að slík ráðning sé á grundvelli hlutlægra ástæðna og samræmist kjarasamningi. Um ráðningu lífeyrisþega gilda hlutlæg sjónarmið samkvæmt verklagsreglum stefnda, sem m.a. byggja á kjarasamningi grunnskólakennara. Verður ekki séð að lög um hlutastörf, né önnur lög, hafi staðið í vegi fyrir ráðningu stefnanda sem tímavinnustarfsmanns. Þá heimilar ákvæði 1.4.2. í kjarasamningnum sérstaklega að lífeyrisþegum, sem vinna hluta úr starfi, verði greitt tímakaup.
- 73 Samkvæmt 4. gr., sbr. b-lið 3. gr., laga um starfsmenn í hlutastörfum og lögskýringargögnum, skulu kjör stefnanda jafnast á við kjör sambærilegs starfsmanns í fullu starfi sem fær greitt tímakaup, nema annað sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um sambærilegan starfsmann í fullu starfi sem fær greitt tímavinnukaup hjá stefnda. Hins vegar er mælt fyrir um tímakaup í gr. 1.4.1. í kjarasamningnum, sem gildir hvort heldur starfshlutfall er 30% eða 100%. Í þeim samanburði eru tímavinnukjör stefnanda ekki lakari en sambærilegs starfsmanns í fullu starfi sem tímavinnustarfsmaður.
- 74 Sá munur er á starfsskyldum stundakennara (tímavinnustarfsmanna) og kennara í föstu starfshlutfalli, að stundakennarar bera einungis vinnuskyldu samkvæmt svonefndum þætti A í gr. 2.1.6.1. í kjarasamningi grunnskólakennara, en í því felst kennsla, undirbúningur og úrvinnsla, sem nema samtals 1.036 klukkustundum á ári að jafnaði

hjá kennara í fullu starfshlutfalli. Stundakennarar bera ekki vinnuskyldu samkvæmt þætti B, sem felur m.a. í sér starfsþróun, fundi innan skóla og utan, viðtalstíma, almenna upplýsingaskráningu og upplýsingagjöf, faglegt samstarf kennara ásamt undirbúningi og úrvinnslu ársverksins. Að mati dómsins felur þessi munur á starfsskyldum í sér hlutlægar ástæður sem réttlæta þann greinarmun sem kjarasamningurinn gerir á ráðningarkjörum kennara, á þann hátt að stundakennarar fái greitt fyrir kenndar stundir ásamt undirbúningi og úrvinnslu, en fastráðnir kennarar fái greidd mánaðarlaun samkvæmt föstu starfshlutfalli.

- 75 Í þessu efni er einnig horft til þess sem rakið er í framangreindum lögskýringargögnum að tímavinnusamningar hafa lengi tíðkast í kjarasamningum á vettvangi hins opinbera, þ.m.t. í kjarasamningi grunnskólakennara og gert er ráð fyrir að slíkt fyrirkomulag muni áfram vera við lýði. Til tímavinnuráðninga er einnig vísað í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, þar sem fjallað er um efni 1. mgr. 33. gr. og 2. mgr. 43. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt þessu hafa bæði löggjafinn og viðsemjendur á hinum opinbera vinnumarkaði gert ráð fyrir tímavinnuráðningum, þar sem eðlismunur er á ráðningarsambandi og ráðningarkjörum tímavinnustarfsmanna miðað við fastráðna starfsmenn. Að því gefnu að slíkur munur réttlætist af hlutlægum málefnalegum ástæðum og gangi ekki lengra en nauðsynlegt er, felur slíkt fyrirkomulag ekki í sér ólögmeta mismunun samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/2018, sbr. 12. gr. laganna, jafnvel þó mismunandi meðferð væri aldurstengd. Af ákvæði 1.1.3 í kjarasamningi grunnskólakennara verður hins vegar ráðið að allir kennarar óháð aldri, sem ráðnir eru í 33% starfshlutfall eða meira í þrjá mánuði eða lengur, fái greidd föst mánaðarlaun, en öðrum megi greiða tímavinnukaup. Að því leyti virðist ekki um aldurstengdan mun að ræða. Hvað sem því líður liggja málefnaleg sjónarmið til grundvallar greinarmun á kjörum kennara í föstu starfshlutfalli og kennara í tímavinnu, eins og áður var rakið, auk þess sem hér hefur þýðingu að kjörin eru umsamin í kjarasamningi af hálfu Félags grunnskólakennara, sem gætir hagsmuna félagsmanna sinna, þ.m.t. stefnanda.
- 76 Loks verður að horfa til þess að stefnandi ákvað sjálf að sækjast eftir því að hefja töku ellilífeyris og sagði starfi sínu lausu í því skyni, í samræmi við þær reglur sem um það gilda og raktar voru hér að framan. Stefnandi gat ekki vænst þess er hún sagði upp starfi sínu og óskaði eftir að hefja töku ellilífeyris, að aðrar reglur myndu gilda um ráðningarkjör hennar við þær aðstæður, en kveðið er á um í kjarasamningi grunnskólakennara og verklagsreglum stefnda, sem mótaðar eru innan ramma kjarasamningsins og viðeigandi laga. Stefnandi átti þann kost að starfa áfram í föstu starfi hjá stefnda, en kaus að sækjast eftir hlutastarfi á framangreindum forsendum sem henni voru kunnar og gerði viðeigandi samninga þar um, sem hún telst bundin af.
- 77 Í ljósi alls þess sem að framan er rakið er öllum málsástæðum stefnanda í málinu hafnað og stefndi því sýknaður af kröfum hennar. Með hliðsjón af atvikum málsins, einkum því að til úrlausnar hafa verið álitæfni og lagareglur sem ekki hefur reynt á áður fyrir dómstólum, telur dómurinn rétt að málskostnaður falli niður, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu stefnanda flutti málið Gísli Guðni Hall lögmaður, en Inga Þöll Þórgnýsdóttir lögmaður af hálfu stefnda.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Stefndi, Akureyrarbær, er sýkn af kröfum stefnanda.

Málkostnaður fellur niður.